

Nr. 4/1885.

Jón ritstjóri Ólafsson  
 gegn  
 Pjetri hreppstjóra Þorsteinssyni.

## D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeraði af Pjetri hreppstjóra Þorsteinssyni á Grund í Skorradal gegn ritstjóra Þjóðólfs, Jóni Ólafssyni, útaf þeim ummælum um hinn fyrrnefnda í 36. árg. Þjóðólfs 3. tölublaði, að hann væri sagður uppvis að sauðarþjófnadi, og hefði Pjetri hreppstjóra verið settir 2 kostir af yfirboðurum hans: að hreinsa sig með dómi af þessum áburði, eða að honum yrði vikið frá hreppstjórnarembætti hans. Mál þetta var dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 17. júlí f. á. með þeim úrslitum, að hin umgetnu meiðandi ummæli voru dæmd ómerk og Jón ritstjóri Ólafsson dæmdur til að greiða 400 kr. sekt til lands-sjóðs eða sæta einföldu fangelsi í 120 daga, ef sektin ekki væri greidd í ákveðinn tíma, sem og til að greiða allan kostnað af málinu, sem var sókt með gjafsókn, eins og það ekki væri gjafsóknarmál, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða talsmanns sækjandans, H. Kr. Friðrikssonar yfirkennara, 12 kr.

Þessum dómi hefur Jón ritstjóri Ólafsson að fenginni uppreisn áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 21. febr. þ. á., og krafizt þess fyrst og fremst: að dómur undirrettarins verði dæmdur ómerkur sökum vantandi sáttatilraunar í málinu, til vara: að hann verði sýknaður af kærnum og kröfum mótpartsins og málskostnaður látinn falla niður og til þrautavara: að sekt sín verði færð niður í það, sem hún getur minnst verið að lögum, og að málskostnaður

falli niður. Hinn stefndi, Pjetur hreppstjóri Þorsteinson, hefur aptur á móti krafizt, að dómur undirrettarins verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Aðalkröfu sína um ómerkingu hjeraðsdómsins hefur áfrýjandi byggt á því, að sækjandi í hjeraði hafi vanrækt að leggja málið til sætta, þó að skilyrðin fyrir að fara með það fram hjá sáttanefnd væru ekki fyrir hendi, en bæði er það, að áfrýjandinn ekki hefur áfrýjað sjerstaklega úrskurði þeim, sem kveðinn var upp um þetta atriði í hjeraði, og sem laut að því, að hinum stefnda samkvæmt tilskip. 27. sept. 1799, 11. gr., hafi verið heimilt að ganga framhjá sáttanefnd með mál þetta, enda virðist yfirdóminum ekki ástæða til þess að breyta þessum úrskurði ex officio og dæma hjeraðsdóminn ómerkan fyrir þessar sakir, einkum þar sem lagt hafði verið fyrir hinn stefnda af yfirboðurum hans að hreinsa sig með dómi af áburði þeim, sem málið er risið af, ef hann vildi halda hreppstjórnarembætti sínu. Þegar þá kemur til sakarefnisins sjálfs, þá hefur áfrýjandinn hvorki sannað nje reynt til að sanna, að hinn meidandi áburður, sem hann hafði birt á prenti í blaði sínu um hinn stefnda, væri sannur, og þó áfrýjandinn hafi viljað afsaka sig með því, að hann einungis hafi skýrt frá í blaðinu, að það væri sagt um hinn stefnda, að hann væri uppvis að sauðapjófnaði, og hafi leitt 2 vitni, sem hafi borið, að þau hafi heyrt einhvern orðasveim um þetta, þá getur áfrýjandinn ekki komizt undan að bera lagalega ábyrgð á því að hafa breitt þennan óhróður út í opinberu blaði, og með því gjört hann alkunnan. Tilverknaður áfrýj-



anda er þannig rjettilega heimfærður í hjeraðsdómn-um undir 217. og 218. gr. hegningarlaga, en þar sem áfrýjandinn í næsta tölublaði af Þjóðólfi eptir að hann hafði sagt frá umgetnum óhróðri um hinn stefnda, hefur birt skýrslu frá öðrum manni um, að óhróðurinn væri ósannur, og tengt þar aptan við yfirlýsingu frá sjálfum sjer um, að það, sem sagt hefði verið í næsta blaði á undan um hinn stefnda, væri tilhæfulaus flugufregn, þá virðist mega færa sekt þá, sem áfrýjandanum er gjört að lúka í hjeraðsdómn-um, niður í 100 kr., sem afplánast með 30 daga einföldu fangelsi, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma. Um málskostnað í hjeraði og ómerking hinna ærumeiðandi ummæla á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn hinum stefnda 10 kr.

A því leyti sem málið hefur verið sókt með gjafsókn í hjeraði vottast, að sókn þess og flutningur þar hefur verið lögmætt.

Því dæmist rjett að vera:

Bæjarþingsdómurinn á óraskaður að standa, þó þannig, að hin ídæmda sekt færst niður í 100 kr. og afplánast með 30 daga einföldu fangelsi, ef hún ekki er öll greidd í ákveðinn tíma. Áfrýjandinn, Jón ritstjóri Ólafsson, greiði hinum stefnda, Pjetri hreppstjóra Þorsteinssyni, málskostnað fyrir yfirdómi með 10 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.